

Kennari:

Alexandra Ýr Auðunsdóttir, Rut Bergmann, Kristín Björk Hallvarðsdóttir, Sigurrós Hrefna Skúladóttir og Sigríður Heiða Sigurðardóttir.

Kennslufyrirkomulag:

Sjálfstætt val, hópavinna og félagsþjálfun

Tímafjöldi:

3 kennslustundir

Bekkur:

1. og 2. bekkur

Stapamix - Frjáls leikur

Leikur er mikilvæg námsaðferð og opnar víddir þar sem sköpunargleði barna og ungmenna getur notið sín. Hamingja og gleði liggja í því að finna hæfileikum sínum farveg og fá að njóta sín sem einstaklingur og hluti af heild. Börnum er leikur sjálfsprottin leið til náms- og þroska. Í grunnskóla er mikilvægt að viðhalda þessari aðferð í skólastarfi og þróa hana eftir því sem nemendur eldast. Leikurinn er leið ungra barna til að læra á heiminn og læra um heiminn. Miklu skiptir að leiknum sem námsaðferð sé gert hátt undir höfði í grunnskóla.

Með sameiginlegum frjálsum leik nemenda í 1. og 2. bekk leggjum við áherslu á að nemendur fái að njóta sín á sínum forsendum í frjálsum leik, þjálfu félagsfærni sína sem og samvinnu og þátttöku með öðrum nemendum.

Stapamix – Frjáls leikur

Námsþættir:	Námsefni:	Hæfniviðmið: <i>Að nemandi:</i>	Leiðir:
Samskipti Samvinna Félagsfærni Hópavinna	Námsefni er fjölbreytt og fer eftir hvaða áhugasvið nemandi velur sér hverju sinni.	<ul style="list-style-type: none"> - þjálfu samskipti við félag - tengi áhugasvið sitt við námið - geti unnið út frá eigin styrkleikum - geti sýnt virðingu og jákvæð samskipti í leik 	Samræður milli nemenda og/eða kennara Hópavinna sjálfstætt val
Námsmat:	Þátttaka nemenda, samvinna, hæfni nemanda til að mynda og þróa tengsl sín við aðra.		